

Nefndasvið Alþingis
B.t.
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 17. júní 2013

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, lögum nr. 37/1992, um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávaraflla og lögum nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, með síðari breytingum (stærðarmörk krókaafllmarksbáta, strandveiðar, gjaldtökuheimildir, viðurlög). 4. mál.

Almennt

Vísað er til frumvarps til laga um breytingu á lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, lögum nr. 37/1992, um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávaraflla og lögum nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, með síðari breytingum (stærðarmörk krókaafllmarksbáta, strandveiðar, gjaldtökuheimildir, viðurlög). Lagt fyrir Alþingi á 142. löggjafarþingi 2013. Félagsmenn Félags atvinnurekenda, Samtök íslenskra fiskimanna (SÍF) hafa mikla hagsmuni af því að vandað sé vel til verka þegar settar eru reglur um stjórn fiskveiða. Sjónarmiðum um jafnræði, bætt og betra samkeppnis- og viðskiptaumhverfis sjávarútvegsfyrirtækja verði haft að leiðarljósi við slíka vinnu.

Athugasemdir

Undirritaður fyrir hönd samtakanna vill gera nokkrar athugasemdir við umrætt frumvarp að því er varðar jafnræði, samkeppnis- og viðskiptastöðu sjávarútvegsfyrirtækja. Samtökin áskilja sér hinsvegar rétt til að koma með frekari ábendingar er á síðari stigum í þinglegri meðferð frumvarpsins.

- 1. Rýmkun á leyflegri hámarksstærð smábáta í krókaafllamarkskerfinu kallar á samþjöppun aflaheimilda og þjónar sérhagsmunum lítils og þröngs hóps manna og stórra kvótahafa í smábátakerfinu á kostnað fjöldans í smábátakerfinu.*

SÍF mótmælir harðlega 1. gr. frumvarpsins og ætlun ríkistjórnar Íslands og alþingismanna að rýmka leyfilega hámarksstærð smábáta í krókaafllamarkskerfinu. Slíkt er einungis til að þjóna sérhagsmunum fárra aðila sem ráða yfir miklum aflaheimildum í smábátakerfinu og mun án ef verða til þess að aflaheimildir munu safnast á enn færri aðila með stóra báta ef þetta frumvarp verður að veruleika.

Þær útgerðir munu hagnast mest á þessari laga ráða í dag yfir miklum aflaheimildum í smábátakerfinu, hafa betra aðgengi að fjármögnun og afskriftum lána vegna einmitt kvótakaupa eða annarra fjárfestinga. Það verður útilokað fyrir venjuega kvótalausar eða kvótalitla einyrkja sem róa sjálfir á smábátum sínum að keppa við stóra báta og útgerðir þeirra um veiðiheimildir sem hafa forskot á öllum sviðum útgerðarinnar, fjármögnun og samningsviðleitni fjármálastofnanna um afskriftir lána vegna kvótakaupa. Algjörlega útilokað. Þessar breytingar munu þrengja mjög að útgerðum venjulegra smábáta í krókaafllamarkskerfinu. Aukin afkastageta kallar á samþjöppun aflaheimilda, óhjákvæmilega. Það gerðist í aflamarkskerfinu og mun gerast í krókaafllamarkskerfinu verði þetta frumvarp að lögum.

SÍF leggur til að frumvarpið verði dregið til baka og hætt verði við rýmkun á stærðartakmörkunum smábáta í krókaafلامarkskerfinu.

2. Valdheimildir Fiskistofu

Í 5. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir auknum valdheimildum Fiskistofu til að svipta menn veiðileyfi.

SÍF mótmælir þessu og vill að valdheimildir Fiskistofu til sviptingar veiðileyfis verði endurskoðaðar. Aðilar eiga að njóta stöðu grunaðra manna uns sekt er sönnuð og því ekki leyfilegt að svipta menn veiðileyfi fyrir sekt manna er sönnuð.

Að lokum áskilur undirritaður sér rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri á síðari stigum.

Undirritaður lýsir sig jafnframt reiðubúinn til að funda um efnið sé þess óskað.

Virðingarfyllt,

Finnbogi Vikar

f.h. stjórn SÍF